



FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Miðvikudaginn 22. júní 2016 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar kl 8.00 á skrifstofu sveitarfélagsins.

Á fundinn voru mætt: Adolf H. Berndsen, Halldór G. Ólafsson, Róbert Kristjánsson, Steindór R. Haraldsson, Inga Rós Sævarsdóttir, og Magnús B. Jónsson.

Adolf H. Berndsen, oddviti setti fundinn og stjórnaði honum.

1. Kjörskrá vegna forsetakosninga 2016

Fyrir fundinum lá kjörskrá vegna forsetakosninga sem fram fara 25. júní nk. ásamt bréfi frá Þjóðskrá Íslands dags. 6. júní 2016 þar sem forsendur og gerð kjörskrárinnar eru skýrðar. Þar kemur m.a. fram að þeir eigi kosningarétt sem uppfylli þau skilyrði að vera íslenskir ríkisborgarar og vera orðnir 18 ára þegar kosning fer fram. Kjörskráin sé byggð á framangreindum forsendum og þeim sem hafi átt lögheimili í sveitafélaginu þremur vikum fyrir kjördag sem miðast við 4. júní 2016.

Sveitarstjórn ræddi fyrirbyggjandi kjörskrá og staðfesti hana.

2. Grunnskóli

a. Rýmisathugun fyrir Höfðaskóla

Fyrir fundinum lágu drög að rýmisathugun sem er unnin af Ágúst Hafsteinssyni arkitekt og er bæði sem uppdættir sem sýna breytingar og í textaskýringum. Rýmisathugunin byggir á tillögum um breytingar á rými og notkun og stækkun húsnæðis grunnskólans. Sérstaklega er horft til að ná meiri nýtingu út úr eldri hluta skólahúsnæðisins. Markmið með breytingum er að rúma megi alla almenna kennslu í skólahúsnæðinu og taka kennslustofur í íþróttahúsi til annarra nota.

Sveitarstjórn ræddi fyrirbyggjandi tillögur og samþykkti að fá skólastjórnendur á fund og fara yfir framtíðarskipulag og áætlanir um nemendafjölda.

b. Sjálfsmatsskýrsla skólans

Fyrir fundinum lá skýrsla tekin saman af skólastjóra um sjálfsmat skólans sbr. lög um grunnskóla nr. 91/2008 þar sem kveðið er á um að öllum grunnskólum beri að framkvæma kerfisbundið sjálfsmat á starfsemi sinni. Megintilgangur með sjálfsmatinu er að kanna hvort markmið skólans hafi náðst og greina veika og sterka þætti skólastarfsins. Sjálfsmatsskýrslan var til kynningar og ekki gerðar athugasemdir við hana.

c. Skýrsla skólastjóra

Fyrir fundinum lá skýrsla skólastjóra um skólastarfið starfsárið 2015-2016. Í skýrslunni er stiklað á helstu þáttum í starfinu bæði innra starfi og samskiptum út á við. Skýrslan var til kynningar.



d. Bréf mennta- og menningarmálaráðuneytisins, dags. 26. maí 2016

Í bréfinu er gengið eftir hvort umbætur hafi verið gerðar sem settar voru fram í kjölfar úttektarskýrslu á starfsemi Höfðaskóla og óskað eftir staðfestingu skólastjóra og sveitarfélags á að umbótum sé lokið.

e. Svarbréf skólastjóra, dags. 15. júní 2016

Í bréfinu er í 21 lið svarað hvernig umbætur standa og hvenær eða hvernig umbætur hafa verið eða verði gerðar.

Bréfin voru bæði til kynningar og samþykkt að senda svarbréfið til ráðuneytisins.

Samþykkt að bæta við dagskrárlið um starfslok skólastjóra.

f. Starfslok skólastjóra

Sveitarstjóri kynnti niðurstöðu starfsloka Hildar Ingólfsdóttur, skólastjóra. Sveitarstjórn staðfesti starfslokasamninginn og þakkaði Hildi störf hennar í þágu skólans á Skagaströnd.

3. Framkvæmdir og fjárfestingar 2016

a. Sundlaug – heitur pottur

Fyrir fundinum lá tillaga að nýjum heitum potti við sundlaug Skagastrandar. Tillagan var unnin af Ágúst Hafsteinssyni arkitekt. Í lýsingu á verkinu kemur fram að um sé að ræða 10-12 manna pott og við hann verði settur glerveggur í stað núverandi skjólgirðingar. Kostnaður er áætlaður 6,7 milljónir. Samþykkt að ráðast í breytingar á sundlaug skv. fyrirbyggjandi gögnum. Í áætlun um fjárfestingar er ekki gert ráð fyrir verkinu en sveitarstjóra falið að taka saman viðauka fyrir næsta fund.

b. Aðrar framkvæmdir 2016

Fyrir fundinum lá yfirlit um framkvæmdir sem unnið er að skv. fjárhagsáætlun. Sveitarstjóri skýrði nánar hver sé staða hvers verkþáttar.

Málið var til kynningar

4. Bókhaldskerfi sveitarfélagsins

Fyrir fundinum lá yfirlit um kostnað við að taka upp nýtt bókhaldskerfi í stað SFS kerfisins sem hefur verið í notkun svo og árlegur kostnaður við það kerfi. Fram kom að það SFS kerfið er notað af fáum og áhersla þjónustuaðila sé ekki að viðhalda því til framtíðar. Áætlaður kostnaður við að setja upp kerfið og flytja gögn á milli er 1,5 milljónir.

Sveitarstjóri lagði til að gengið verði til samninga við Wise um Navision kerfi skv. tilboði og stefnt að því að taka nýtt kerfi í notkun um áramót. Samþykkt.

5. Bréf:

a. Eignarhaldsfélags BÍ, dags. 8. júní 2016

Í bréfinu er greint frá úthlutun úr Styrktarsjóði BÍ og tilkynnt um að sveitarfélaginu hafi verið úthlutað styrk að upphæð kr. 300.000 til að setja upp upplýsingaskilti við gömul hús á Skagaströnd. Sveitarstjórn lýsti ánægju sinni með styrkinn.



b. Hrafnhildar Sigurðardóttur, dags. 16. júní 2016

Með bréfinu óskar Hrafnhildur eftir stuðningi sveitarfélagsins til að byggja upp aðstöðu fyrir listamenn í gamla salthúsinu að Einbúastíg 3. Stefnt sé að því að byggja þar upp menningarmiðstöð í samstarfi við Nes listamiðstöð.

Sveitarstjórn ræddi erindið og samþykkti með fjórum samhljóða atkvæðum að styrkja Nes listamiðstöð um 1.500.000 kr. til að láta vinna undirbúnings og hönnunarvinnu fyrir verkefnið

c. Varasjóðs húsnæðismála, dags. 13. júní 2016

Með bréfinu er greint frá því að ráðgjafarnefnd um Varasjóð húsnæðismála hafi samþykkt að ráðstafa 40 milljónum króna til greiðslu á framlögum vegna sölu félagslegra íbúða sveitarfélaga á almennum markaði.

Bréfið var til kynningar.

d. Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 10. júní 2016

Með bréfinu er greint frá því að allmargar fyrirspurnir um álagningu fasteignaskatts á mannvirki í ferðaþjónustu hafi borist á undanförunum misserum. Ástæða hafi því þótt til þess að taka svör við þeim saman til þess að auðvelda sveitarfélögum að skerpa á verklagi. Með bréfinu séu sendar uppfærðar upplýsingar með hliðsjón af breytingum á lögum um veitinga- og gististaði og nýlegum úrskurðum og dómum þar sem reynt hefur á ýmis álitaefni sem leiðbeiningarnar ná til.

Bréfið var til kynningar.

e. Heimilisiðnaðarsafnsins, dags. 17. maí 2016

Með bréfinu sem er afrit erindis til Byggðasamlags um atvinnu- og menningarmál er greint frá fjárhagsvanda Heimilisiðnaðarsafnsins.

Bréfið var til kynningar.

f. Thorp, dags. 1. maí 2016

Bréfið er ritað af Þorgeiri Pálssyni sem býður fh. Thorp að koma á og stýra stefnumótandi vinnufundi sveitarstjórnar um ferðaþjónustu.

Bréfið var til kynningar og ákveðið að taka hugmyndir um stefnumótun upp á haustdögum.

g. Tónlistarskólans á Akureyri, dags. 12. maí 2016

Fyrir fundinum lá bréf þar sem óskað er eftir að Skagaströnd greiði sveitarfélagshluta kostnaðar við tónlistaskóla sem lögheimilissveitarfélag Valgerðar Guðnýjar Ingvarsdóttur sem hefur sótt um að tónlistarnám á miðstigi. Í bréfinu kemur einnig fram að sveitarfélagið geti sótt um mótframlag í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga.

Sveitarstjórn samþykkti að verða við erindinu og vísaði kostnaðarauka til til gerðar viðauka sem verði lagður fram á næsta fundi.

6. Fundargerðir:

a. Stjórnar Norðurár bs, 7.03.2016

Fundargerðin var til kynningar

b. Stjórnar Norðurár bs, 25.04.2016

Fundargerðin var til kynningar



- c. Stjórnar Norðurár bs. 19.05.2016
Fundargerðin var til kynningar
- d. Stjórnar Norðurár bs. 26.05.2016
Fundargerðin var til kynningar
- e. Aðalfundar Norðurár bs, 19.05.2016
Fundargerðin var til kynningar
- f. Aðalfundar Farskólans, 11.05.2016
Fundargerðin var til kynningar
- g. Vorfundar Farskólans, 11.05.2016
Fundargerðin var til kynningar
- h. Stjórnar SSNV, 10.05.2016
Fundargerðin var til kynningar
- i. Stjórnar samtaka sjávarútvegssveitarfélaga, 17.05.2016
Fundargerðin var til kynningar.
- j. Stjórnar Hafnasambands Íslands, 17.05.2016
Fundargerðin var til kynningar.
- k. Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, 29.04.2016
Fundargerðin var til kynningar.
- l. Tómsunda- og menningarmálanefndar, 26.04.2016
Fundargerðin var til kynningar.
- m. Tómsunda- og menningarmálanefndar, 6.05.2016
Fundargerðin var til kynningar.
- n. Tómsunda- og menningarmálanefndar, 17.05.2016
Fundargerðin var til kynningar.
- o. Tómsunda- og menningarmálanefndar, 7.06.2016
Fundargerðin var til kynningar.

b) Önnur mál

Fundinum hafði borist erindi frá frjálsíþróttadeild FH sem leitar eftir styrktaraðila fyrir Stefán Velemir vegna íþróttverkefna en Stefán er talinn einn efnilegasti kúluvarpari landsins og mun taka þátt í nokkrum stórmótum og dvelja í æfingabúðum.

Sveitarstjórn samþykkti að styrkja frjálsíþróttadeild FH vegna Stefáns um kr. 200.000,-

Umræður urðu um leiguverð bæði á íbúðum og atvinnuhúsnaði. Ákveðið að taka málið upp á næsta fundi.



Umræða varð um útlit húsa og annarra eigna.

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl 10.30

Adolf H. Berndsen,

Halldór G. Ólafsson,

Róbert Kristjánsson

Steindór R. Haraldsson

Inga Rós Sævarsdóttir

Magnús B. Jónsson